




Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020

Suðurstrandarvegur

Október 2009

Umhverfisskýrsla





Efnisyfirlit

Samantekt	1
Inngangur	2
Tengsl við aðrar áætlanir	2
Umhverfismat	3
Skilgreining á vægi áhrifa	3
Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum	4
Niðurstaða.....	6



Samantekt

Skýrsla þessi er umhverfisskýrsla samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og fylgir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020. Breyting aðalskipulags Grindavíkur 2000-2020 lýtur að færslu á veglínu fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar og vegtengingum og efnistökusvæðum honum tengdum. Breytingin gerir ráð fyrir þremur efnistökusvæðum, í Leirdal, Latshólum og Geitahlíð. Breytingin er í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir sem eru í gildi á svæðinu

Breytingin er gerð í framhaldi af úrskurði Skipulagsstofnunar í maí 2004 um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Í fyrrnefndu mati voru lagðar fram tvær mögulegar veglínur og lagðist Skipulagsstofnun gegn þeirri veglínu sem staðfest aðalskipulag sýnir en féllst á lagningu Suðurstrandarvegar samkvæmt þeirri veglínu sem nú er kynnt, enda hefur verið farið eftir þeim skilyrðum sem stofnunin setti í úrskurði sínum.

Meginmarkmið framkvæmdanna er að byggja upp varanlega og örugga vegtengingu milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir íbúa þessara svæða.

Á aðalskipulagsstigi eru þeir umhverfisþættir sem litið er til eftirfarandi: landslag og jarðmyndanir, verndarsvæði, menn og samfélag, menningarminjar, grunnvatn, gróðurfar og fuglalíf.

Sú veglína sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi var valin með tilliti til þess að hún er talin snjóléttari en sú leið sem nú er kynnt, fjallasýn er meiri, hún býður upp á nálægð við hafið og tengir fornar menningarminjar sem víða er að finna við ströndina og gerir þær aðgengilegri. Einnig er hún talin betri sem öryggisleið ef skipsskaðar verða undan ströndinni.

Sú veglína sem nú er kynnt og Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að skuli lögð sker skv. úrskurðinum landslagsheildir ekki á jafn áberandi hátt og veglína samkvæmt samþykktu aðalskipulagi. Þannig verði varðveitt víðáttumikil óröskuð eldhraun frá veginum og til sjávar og áhrif breytingarinnar því jákvæð á landslag og jarðmyndanir. Taka verður tillit til þess að breytingin gerir ráð fyrir að opnuð verði þrjú ný efnistökusvæði sem hefur neikvæð áhrif. Áhrif breytingarinnar á verndarsvæði eru talin jákvæð þar sem ný veglína liggur nær núverandi vegi innan Reykjanesfólkvangs og stærri landslagsheildir haldast því óraskaðar. Áhrif á menn og samfélag eru talin óveruleg þar sem báðar veglínur koma til með að bæta samgöngur og umferðaröryggi á svæðinu. Áhrif á menningarminjar eru talin óveruleg þar sem á hvorugri leiðinni er að finna fornleifar sem taldar eru í mikilli hættu vegna veglagningarinnar.

Ekki er talið að breytingin hafi áhrif á grunnvatn, gróður eða fuglalíf á þessu svæði.

Það er niðurstaða umhverfismats að á heildina litið sé þessi breyting talin hafa jákvæð til óveruleg umhverfisáhrif.



Inngangur

Skýrsla þessi er umhverfisskýrsla samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og fylgir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020. Breytingin lýtur að færslu á veglínu fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar og vegtengingum og efnistökusvæðum honum tengdum. Breytingin gerir ráð fyrir færslu vegarins til norðurs nær núverandi vegstæði. Breytingin gerir ráð fyrir þremur nýjum efnistökusvæðum. Þessi svæði eru mikilvæg m.a. vegna þess að úr þeim er fyrirhugað að taka efni til notkunar við vegalögnina um náttúrufarslega viðkvæm svæði. Ekki er talið að aðrir valkostir fyrir hagkvæma efnistöku, sem valda minni landspjöllum séu í nágrenninu. Veglagningu af þessari stærðargráðu fylgir ávallt töluverð efnistaka og rétt er að geta þess að Vegagerðin telur þörf á þessum námum hvort sem veglínan verður færð eða ekki. Efnistökusvæðin eru:

- Leirdalur (náma 4) stærð námunnar er um 3,6 ha og áætlað vinnslumagn er um 80.000 m³ á framkvæmdatíma en í lok hans verður gengið frá námunni þannig að hún verður löguð að landi. Svæðið er lítið gróið og verður ekki sáð í það að lokinni efnistöku. Byggja þarf námuveg sem m.a. mun liggja yfir móbergskletta, nokkru vestan við vatnsrás sem liggur með fjallsrótum Skála-Mælifells.
- Latshólar (náma 5) stærð námunnar er um 1,4 ha og áætlað vinnslumagn er um 80.000 m³ á framkvæmdatíma en í lok hans verður gengið frá námunni þannig að hún verður löguð að landi. Svæðið er lítið gróið og verður ekki sáð í það að lokinni efnistöku. Vegur liggur um námusvæðið. Efninu verður ekið eftir gamla veginum að veglínu og/eða námuvegum. Námuvegur frá núverandi vegi verður á sama stað og núverandi vegslóði sem liggur niður að Selatöngum. Annar námuvegur verður að hluta til byggður á sama stað og núverandi vegslóði niður að Húshólma.
- Geitahlíð (náma 9) stærð námunnar er um 3,8 ha og áætlað vinnslumagn er um 90.000 m³ á framkvæmdatíma en í lok hans verður gengið frá námunni þannig að hún verður löguð að landi. Svæðið er lítið gróið og verður ekki sáð í það að lokinni efnistöku. Línuvegur hefur verið ruddur í hrauninu framhjá námusvæðinu og verður hann notaður sem námuvegur. Einnig hefur verið rutt svæði meðfram girðingu við sýslumörkin og verður lagður námuvegur um það svæði frá veglínunni.

Breytingin er gerð í framhaldi af úrskurði Skipulagsstofnunar, í maí 2004, um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Í fyrrnefndu mati voru lagðar fram tvær mögulegar veglínur og lagðist Skipulagsstofnun gegn þeirri veglínu sem staðfest aðalskipulag sýnir en féllst á lagningu Suðurstrandarvegar samkvæmt þeirri veglínu sem nú er kynnt, enda hefur verið farið eftir þeim skilyrðum sem stofnunin setti í úrskurði sínum. Í þessu mati er fjallað um veglínu samkvæmt staðfestu aðalskipulagi sem núllkost. Breytingin hefur verið unnin í samráði við Vegagerðina og Umhverfisstofnun.

Meginmarkmið framkvæmdanna er að byggja upp varanlega og örugga vegtengingu milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir íbúa þessara svæða.

Tengsl við aðrar áætlanir

Breytingin er í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir sem eru í gildi á svæðinu, þ.e. aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002 – 2014 og aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005 – 2025. Samgönguáætlun 2007 – 2010 gerir ekki ráð fyrir vinnu við þennan hluta Suðurstrandarvegar. Í auglýsingu um stofnun fólkvangs á Reykjanesi (Stj.tíð. B, nr. 520/1975) segir að allt jarðrask sé bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til og þarf framkvæmdaraðili því að sækja slíkt leyfi.



Umhverfismat

Umhverfismatið er unnið af verkfræðistofunni EFLU. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis og gögnum sem aflað var vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur og úrskurði Skipulagsstofnunar þar um.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum, sem eru:

1. Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
2. Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti á áhrifsvæði.
3. Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Skilgreining á vægi áhrifa

Áhrifin eru metin og þeim gefið vægi með því að bera saman einkenni áhrifanna og viðmið sem gilda um hvern umhverfispátt. Niðurstaða matsins er því ákveðin vægiseinkunn fyrir hvern umhverfispátt. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu 1 hér að neðan. Taflan er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Tafla 1 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	Skýring
Verulega jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.



Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum

Þeir þættir breytingarinnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum er vegurinn sjálfur og það rask sem honum fylgir sem og fyrirhuguð efnistaka.

Á aðalskipulagsstigi eru þeir umhverfisþættir sem litið er til eftirfarandi: landslag og jarðmyndanir, verndarsvæði, menn og samfélag, menningarminjar, grunnvatn, gróðurfar og fuglalíf.

Landslag og jarðmyndanir

Landslag er stórbrotið við Suðurstrandarveg og einkennist aðallega af hraunbreiðum meðfram ströndinni og síðan fjallendi inn til landsins með stöku hryggjum við ströndina. Útsýni er mikið frá sumum stöðum á fyrirhuguðum vegi bæði yfir haf og land. Samspil gosmyndana, s.s. móbergsfjalla og ásýnd úfinna nútímahrauna skapar sérstæða landslagsheild. Gróður er tiltölulega einsleitur á svæðinu.

Ljóst er að hvort sem Suðurstrandarvegur verður lagður samkvæmt núgildandi skipulagi eða breyttu mun framkvæmdin hafa óafturkræf áhrif á jarðmyndanir og breytingar á landslagi í för með sér. Sú veglína sem nú er kynnt liggur nær núverandi vegi, fjöllunum og hærra í landi en veglína núllkosta. Breytt veglína mun hafa minni áhrif á landslag og jarðmyndanir þar sem hún sker ekki hraun á láglandi með eins áberandi hætti og veglína samkvæmt núllkosti. Hinsvegar er fjallasýn meiri og nálægðin við hafið mun áhrifameiri á veglínu núllkosta. Áhrif breytingar veglínu á landslag eru talin jákvæð á svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum og teljast því talsvert jákvæð.

Breytingin gerir ráð fyrir að opnaðar séu þrjár námur vegna vegagerðarinnar. Námur í Leirdal og Latshólum verða unnar úr móbergs hryggjum og náman í Geitahlíð verður unnin annarsvegar inn í móbergsstapa og hinsvegar úr úfnu apalhrauni sem er að hluta til raskað. Námurnar verða unnar þannig að þær sjáist ekki frá veginum og við verklok verður gengið frá þeim þannig að þær verða lagaðar að landi. Áhrif námuvinnslu á landslag og jarðmyndanir eru minniháttar með tilliti til umfangs og viðkvæmni svæðis og eru staðbundin áhrifin eru varanleg og óafturkræf og teljast því talsvert neikvæð. Þess ber að geta að Vegagerðin telur þörf á þessum námum þegar Suðurstrandarvegur verður byggður, óháð veglínu.

Neikvæð áhrif efnistöku eru ekki talin vega upp á móti jákvæðum áhrifum af færslu vegarins og heildar áhrif skipulagsbreytingarinnar á landslag og jarðmyndanir eru því talsvert jákvæð.

Verndarsvæði

Suðurstrandarvegur mun á umræddu svæði liggja að stórum hluta um Reykjanesfólkvang og um eldhraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Vegurinn mun einnig fara um svæði á náttúruminjasrá; Katlahraun og Selatanga en landslag þar er stórbrotið, hrauntjarnir og hellar. Veglínan mun hvorki skerða tómar hrauntjarnir né þekkta hella. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur er bent á mikilvægi þess að sem stærstum landslagsheildum sé haldið öröskuðum. Með breyttri veglínu er verið að koma til móts við fyrrnefndan úrskurð en þannig munu hraunin á láglandinu frekar halda sér sem öröskuð landslagsheild.

Námur í Latshólum og Geitahlíð eru innan Reykjanesfólkvangs, þær verða báðar á fremur lítið áberandi stöðum og í lok framkvæmda verða þær lagaðar að landi. Áhrif námuvinnslu í friðlandi hefur óhjákvæmilega neikvæð áhrif á verndarsvæði. Heildaráhrif veglagningarinnar og efnistöku á verndarsvæði eru neikvæð, hinsvegar er breytingin jákvæð þar sem ný veglína hefur jákvæð áhrif á viðkvæmar landslagsheildir miðað við núllkost og samræmist þannig betur stefnumörkun stjórnvalda.

Menn og samfélag

Gera má ráð fyrir að nýr Suðurstrandarvegur muni bæta samgöngur og umferðaröryggi á svæðinu og gera má ráð fyrir aukningu umferðar vegna þessa. Veglína samkvæmt núllkosti er samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni talin snjóléttari og muni þar af leiðandi tengja Þorlákshöfn og Grindavík betur saman sem atvinnusvæði allt árið, einnig muni vegur nær ströndinni geta aukið öryggi ef skipsskaðar verða undan ströndinni. Þessu er hafnað í



úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarveggar þar sem talið er að þrátt fyrir að veglína samkvæmt núllkosti liggja lægra í landi sé ekki líklegt að vandamál vegna snjósöfnunar verði meiri á nýrri veglínu þar sem lítill munur er á hæðarlegu yfir sjó, auk þess sem svæðið sé almennt snjólétt. Einnig telur Skipulagsstofnun óvíst að veglína nær ströndinni þjóni betur öryggishlutverki, verði skipsskaðar undan ströndum, þar sem engu að síður þurfi að fara um úfin og ógreiðfær hraun á tiltölulega löngum köflum til þess að komast að ströndinni. Því má telja að breytingin hafi óveruleg áhrif á þessa þætti.

Með bættu aðgengi má gera ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna á svæðinu, enda er umhverfið stórbrotið og fjöldi áhugaverðra staða í nágrenninu. Áhrif veglagningar á útivist og ferðamennsku er einkum vegna bættrar aðkomu, ásýndarbreytinga og truflunar vegna vaxandi umferðar. Veglína samkvæmt núllkosti er talin gefa ferðafólki betri yfirsýn yfir landslag svæðisins. Nálægðin við sjóinn og fjöll, skriður og hraunfossar sé kostur. Auk þess verður gamli vegurinn nýttur sem reiðvegur og er það talinn kostur fyrir reiðmenn að hann sé í nokkurri fjarlægð frá hinum nýja Suðurstrandarvegi. Það er álit Skipulagsstofnunar að sú veglína sem nú er kynnt þjóni betur hagsmunum ferðamanna, bæði þeirra sem vilja fara hratt yfir og þeirra sem kjósi að staldra lengur við og njóta náttúrunnar við ströndina eða á vinsælum ferðamannastöðum í nokkurri fjarlægð frá fyrirhuguðum vegi, þar sem minni truflun verði af umferð. Nýlagning Suðurstrandarveggar, burtséð frá veglínu, mun hafa mikil áhrif á ferðamennsku og útivist, bæði í jákvæðum skilningi, þar sem líklegt sé að fleiri ferðamenn fari um svæðið vegna betri vegar, en einnig í neikvæðum skilningi þar sem fyrirhuguð framkvæmd muni hafi talsverðar breytingar í för með sér á upplifun þeirra á öröskuðu og óbyggðu svæði. Með tilliti til þessa eru áhrif breytingarinnar talin jákvæð þar sem breytt veglína er talin hafa minni áhrif á landslag og upplifun en veglína samkvæmt núllkosti. Heildar áhrif skipulagsbreytingarinnar á menn og samfélag eru talin óveruleg.

Menningarminjar

Verði fyrirhugaður vegur lagður samkvæmt núllkosti eru 6 staðir með fornleifum í hættu en 5 verði vegurinn lagður samkvæmt tillögu að breyttu skipulagi. Ráðast þarf í mótvægisáðgerðir vegna minja á báðum þessum leiðum. Það er mat fornleifafræðings að báðar veglínur séu góður kostur með tilliti til fornminja. Menningarminjar eru ekki taldar í hættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Áhrif á menningarminjar eru því talin óveruleg að því tilskyldu að farið verði að þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru fram í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarveggar.

Grunnvatn

Berggrunnur er mjög gljúpur á Reykjanesi og nánast ekkert vatn á yfirborði. Grunnvatnsstaða á sunnanverðu Reykjanesi er há og miklir vatnsstraumar renna neðanjarðar í átt til sjávar. Svæðið austan Hraunsvíkur allt til jarðamaka Krýsuvíkur er fjarsvæði vatnsverndar. Vatnsból Ísólfseskála er undir hlíðinni skammt frá núverandi vegi, ekki verður hróflað við því.

Ljóst er að gæta verður varúðar við framkvæmdir til að koma í veg fyrir að mengunarslys spilli möguleikum vatnstöku í framtíðinni. Gera skal kröfu um að verktakar sýni sérstaka aðgát í meðferð efna sem gætu mengað grunnvatn. Með lagningu vegarins nær sjó er áhætta á mengun grunnvatns lágmarkuð, því er minni áhætta af veglínu núllkosti en samkvæmt breytingu. Áhrifin eru þó staðbundin og hættan á stóru mengunarslysi ekki mikil, að því gefnu að farið verð með gát og áhrif skipulagsbreytingarinnar því talin óveruleg.

Gróðurfar og fuglalíf

Gróður á svæðinu er að stærstum hluta mosapemba og lyngmói með tiltölulega lítilli gróðurþekju. Ekki er talið að alvarleg röskun verði á flóru svæðisins við veglagningu. Þar sem gróðurfar á svæðinu er tiltölulega einsleitt eru búsvæði fugla einnig tiltölulega einsleit og ekki talið að veglagning á þessu svæði raski fuglalífi. Áhrif beggja kosta eru sambærileg og áhrif skipulagsbreytingarinnar því talin óveruleg.



Niðurstaða

Sú veglína sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi var valin með tilliti til þess að hún er talin snjóléttari en sú leið sem nú er kynnt, fjallasýn meiri, hún býður upp á nálægð við hafið og tengir fornar menningarminjar sem víða er að finna við ströndina og gerir þær aðgengilegri. Einnig er hún talin betri sem öryggisleið ef skipsskaðar verða undan ströndinni.

Sú veglína sem nú er kynnt og Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að skuli lögð sker skv. úrskurðinum landslagsheildir ekki á jafn áberandi hátt og veglína samkvæmt samþykktu aðalskipulagi. Þannig verði varðveitt víðáttumikil óröskuð eldhraun frá veginum og til sjávar og áhrif breytingarinnar því jákvæð á landslag og jarðmyndanir. Taka verður tillit til þess að breytingin gerir ráð fyrir að opnuð verði þrjú ný efnistökusvæði sem hefur neikvæð áhrif. Þessar námur þarf að nýta burtséð frá því hvaða leið verður farin. Áhrif breytingarinnar á verndarsvæði eru talin jákvæð þar sem ný veglína liggur nær núverandi vegi innan Reykjanesfólkvangs og stærri landslagsheildir haldast því óraskaðar. Áhrif á menn og samfélag eru talin óveruleg þar sem báðar veglínur koma til með að bæta samgöngur og umferðaröryggi á svæðinu. Áhrif á menningarminjar eru talin óveruleg þar sem á hvorugri leiðinni er að finna fornleifar sem taldar eru í mikilli hættu vegna veglagningarinnar.

Ekki er talið að breytingin hafi áhrif á grunnvatn, gróður eða fuglalíf á þessu svæði umfram áhrif af núverandi veglínu.

Á heildina litið er þessi breyting talin hafa jákvæð til óveruleg umhverfisáhrif.